

Af snúðugum vísindamönnum 23. apríl 2 2017

Vísindamönnum er misboðið. Þeir fara í kröfugöngu og mótmæla því - eftir því sem mér skilst - að ekki sé eða verði tekið nóg samlegt mark á þeim. Vissulega á að skoða gagnrýnum huga niðurstöður þeirra. Vísindasagan hefur kennt okkur eitt og annað merkilegt um skringileg vísindasannindi, aðferðabrenslun, óhóflega alhæfingargleði, hagsmunatengsl, innbyrðis taumhald og eigin blindu. Stundum stuðla vísindi að forheimskun. Þau eru háð staði og stund, verða til í ákveðnu samfélagslegu samhengi og draga dóm á því. Það mætti (sérstaklega um þessar mundir) hugsanlega tala um rannsóknaiðnað, þ.e. fjöldaframleiðslu á óáhugaverðum og ófrumlegum verkum um allt og ekki neitt, margþvældar tuggur. Í samfélagsvísindum standast rannsóknir oft og tíðum varla rökgreindri reynslu á sporði. Þetta ættu vísindamenn umfram allt að skoða. Tilfæri eitt dæmi, en þau eru miklu, miklu fleiri.

„Virtur danskur prófessor notaði bestu ár ævi sinnar til að grúska upp vegakerfið á Sjálandi á 16. öld. Hann komst að þeirri merkilegu niðurstöðu að á þeirri öld hefði umferð fjórhjólalætra farartækja aukist að mun.“ (Inga Huld Hákonardóttir. Að þegja konur í hel, 1980)